


Til foreldra um *Kynlíf*



KYNLÍF er námsefni um kynþroskann og kynlíf sem er ætlað unglingum á aldrinum 12 til 15 ára. Þetta námsefni er óvenjulegt að mörgu leyti og sjálfsagt fyrir foreldra að kynna sér það. Foreldrar eru hvattir til að ræða þessi mál við unglinginn sinn á hispurslausan hátt og taka fagnandi því tækifæri sem hér gefst til að ræða um kynþroskann og kynlífið við barn sitt.

Hugtakið *kynlíf* (sexuality) merkir hér það líf sem við lifum sem kynverur og felur í sér viðhorf, gildismat og hegðun einstaklingsins. Kynlíf hefur að gera með líðan okkar og sjálfsvitund, kynhneigð, kynhlutverk, kynhvöt og starfsemi kynfæra og hvernig einstaklingurinn tjáir sig og hegðar sér sem kynvera.

Tilfinningalegir og félagslegir þættir

Í námsefninu *Kynlífi* er fjallað um þær breytingar sem verða í lífi unglunga við kynþroska – sálrænar, félagslegar og líkamlegar. Sérstök áhersla er lögð á jákvæða sjálfmynd unglingsins, virðingu hans fyrir sjálfum sér og öðrum og kynheilbrigði. Einnig er unnið markvisst að því að efla sjálfstæða hugsun og ábyrgð og hvetja til gagnrýnnar umræðu um óæskileg áhrif frá umhverfinu um kynferðismál.

Kynþroskinn er jákvæður

Mikil áhersla er lögð á að kynþroskinn sé spennandi og skemmtilegur – að hann bjóði upp á nýjar og magnaðar tilfinningar, flóknari hugsun og að sjálfsogðu nýjar hvatir og nautnir.

Tímarit til einkanota

Heftið sem nemendum er ætlað er í formi tímarits sem heitir *KYNLÍF* – en það er mjög myndrænt og aðgengilegt, í léttum dúr fullt af alls kyns greinum og fróðleiksmolum. Mælt er með að nemendur fái tímaritið til eignar enda er litið svo á að það sem þar er skoðað og skrifað sé einkamál hvers og eins.

Forfallakennarinn – fræðslumynd

Annar hluti námsefnisins er fræðslumynd þar sem aðalpersónan, forfallakennarinn, fræðir unglingana um kynlíf á frjálslegan hátt. Myndin er í gamansömum og léttum dúr og kennslukona sem er af „gamla skólanum“ reynist einstaklega ljúf og skilningsrík manneskja þegar á hólminn er komið. Myndin er í sex hlutum þar sem hver efnisþáttur er kynntur og er ætlað að vera kveikja að frekari vinnu um efnið.

Tengslabandalög og umræður

Gert er ráð fyrir að nemendur vinni í litlum hópum sem kallast tengslabandalög. Tengslabandalögin eru vettvangur fyrir samvinnu, umræður og einlæg samskipti. Í vinnu með námsefnið er mikið lagt upp úr virkni nemenda, sjálfsskoðun og umræðum.

Dýrmætt tækifæri fyrir foreldra

Foreldrar eru hvattir til að hlusta eftir tækifærum til að ræða um kynþroskann og kynlífið við unglinginn sinn. Það gæti verið ráð að hafa næðisstundir með unglingnum og fara t.d. á kaffihús, í bíltúr eða í göngu. Mælt er með því að foreldrar deili reynslu sinni af unglingsárunum, láti vita að þeir hafi líka gengið í gegnum kynþroskann, að þeir treysti unglingnum fyrir persónulegum málum og bjóði upp á einlæga umræðu. Einnig er mikilvægt að hlusta vel á unglinginn og halda aftur af skoðunum sínum og gagnrýni.

Unglingurinn þarf kærleika og knús

Það vill brenna við á unglingsárunum að fjarlægð myndist milli foreldra og barna þeirra. Hvort tveggja er að unglingurinn er oft viðkvæmur og beitir fráhrindandi framkomu til að sýna sjálfstæði sitt. Einnig er eðlilegt að aðskilja sig frá foreldrunum á unglingsárunum og finna sig á eigin forsendum og í tengslum við félagana. Við þessar aðstæður reynist foreldrum oft erfitt að sýna blíðu og kærleika. En það er samt einmitt það sem unglingurinn þarf mest á að halda. Það er verðugt verkefni fyrir foreldra að finna leiðir að unglingnum sínum og knúsa hann og kjassa sem aldrei fyrr.